

Númer: 30/2018

Dreifibréf til hagsmunaaðila

Reykjavík, 11. júní 2018

Tilvísun: 2018060024

Efni: Drög að reglum um gjaldeyrisskiptastöðvar, peninga- og verðmætasendingarþjónustu, þjónustuveitendur sem bjóða upp á viðskipti milli sýndarfjár, rafeyris og gjaldmiðla og þjónustuveitendur stafrænna veskja

Fjármálaeftirlitið hefur gefið út umræðuskjal nr. 2/2018 sem inniheldur drög að reglum um gjaldeyrisskiptastöðvar, peninga- og verðmætasendingarþjónustu, þjónustuveitendur sem bjóða upp á viðskipti milli sýndarfjár, rafeyris og gjaldmiðla og þjónustuveitendur stafrænna veskja.

Um er að ræða uppfærslu á núgildandi reglum nr. 917/2009 um gjaldeyrisskiptastöðvar og peninga- og verðmætasendingarþjónustu í tilefni af frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 64/2006 um aðgerðir gegn peningapvætti og fjármögnun hryðjuverka, sem nú liggur fyrir Alþingi. Frumvarpið felur meðal annars í sér að þjónustuveitendum sem bjóða upp á viðskipti milli sýndarfjár, rafeyris og gjaldmiðla og þjónustuveitendum stafrænna veskja verði einnig gert skylt að skrá sig hjá Fjármálaeftirlitinu.

Með dreifibréfi þessu gefur Fjármálaeftirlitið viðtakendum kost á að gera athugasemdir við drögin. Skjölín eru birt á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins <http://www.fme.is/log-ogtilmaeli/umraeduskjol/>.

Fjármálaeftirlitið óskar eftir því að athugasemdir umsagnaraðila við meðfylgjandi umræðuskjal berist eftirlitinu eigi síðar en 18. júní nk. Óskað er eftir að umsagnir séu ritaðar á þar til gert umsagnareyðublað sem finna má á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins, sbr. nánari skýringar á forsíðu meðfylgjandi umræðuskjals. Umsagnareyðublaðið skal sent á netfangið fme@fme.is.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ


Björk Sigurgísladóttir


Gísli Örn Kjartansson